



Lögbirtingablað

Heimilisfang: Ránarbraut 1, 870 Vík. Sími 458 2800. Myndsendir 458 2860.
Netfang: logbirtingabladid@syslumenn.is • Veffang: www.logbirtingablad.is
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa) – ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 82.000, eintakið kr. 802.

Gefið út samkvæmt lögum nr. 15 10. mars 2005

Nr. 31 119. ár

25. febrúar 2026

Útgáfud.: 24. febrúar 2026

Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala - Löggilding innlögð

Ásgeir Þór Ingólfsson hefur lagt inn til embættisins löggildinguna sína til að starfa sem fasteigna, fyrirtækja og skipasali og er hún því niður fallin.

23. febrúar 2026

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
20260224002A

Útgáfud.: 24. febrúar 2026

Innköllun þrotabús - Hjálmarslagnir ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 11. febrúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

Hjálmarslagnir ehf.,
kt. 501024-1550,
Írabakka 6, Reykjavík

Frestdagur:

24. október 2025

Skiptafundur:

mánudagur
4. maí 2026
kl. 09:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Naustavör 54, 200 Kópavogi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Naustavör 54, íbúð 206, Kópavogi, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Kópavogi, 18. febrúar 2026

Guðni Á. Haraldsson hrl.
20260224003A

Útgáfud.: 24. febrúar 2026

Innköllun þrotabús - Luxury ATV ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 19. febrúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

Luxury ATV ehf.,
kt. 710323-1350,
Borgahellu 15B, 221 Hafnarfjörður

Frestdagur:

28. nóvember 2025

Skiptafundur:

fimmtudagur
7. maí 2026
kl. 10:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Efstaleiti 5, 103 Reykjavík

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Efstaleiti 5, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 20. febrúar 2026
Gunnar Sturluson lögmaður.
20260224007A

Útgáfud.: 24. febrúar 2026

Innköllun þrotabús - Vigor Invest ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 19. febrúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

Vigor Invest ehf.,
kt. 500913-0960,
Valbraut 6, 250 Suðurnesjabær

Frestdagur:

28. nóvember 2025

Skiptafundur:

fimmtudagur
7. maí 2026
kl. 13:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Efstaleiti 5, 103 Reykjavík

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Efstaleiti 5, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 20. febrúar 2026
Gunnar Sturluson lögmaður.
20260224008A

Útgáfud.: 24. febrúar 2026

Innköllun þrotabús - M. Axelsson ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 19. febrúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
M. Axelsson ehf., kt. 700801-2680, Breiðási 11, Garðabær	28. nóvember 2025	fimmtudagur 7. maí 2026 kl. 11:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Efstaleiti 5, 103 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Efstaleiti 5, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 20. febrúar 2026
Gunnar Sturluson lögmaður
20260224009A

Útgáfud.: 24. febrúar 2026

Innköllun þrotabús - Virkaðu samskipti ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 19. febrúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Virkaðu samskipti ehf., kt. 691215-0590, Drekavöllum 26, 221 Hafnarfjörður	28. nóvember 2025	fimmtudagur 7. maí 2026 kl. 14:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Efstaleiti 5, 103 Reykjavík

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Efstaleiti 5, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 20. febrúar 2026
Gunnar Sturluson lögmaður.
20260224010A

Útgáfud.: 24. febrúar 2026

Innköllun þrotabús - Smartcars ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 19. febrúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Smartcars ehf., kt. 701298-3659, Þúfubarði 19, 220 Hafnarfjörður	28. nóvember 2025	fimmtudagur 7. maí 2026 kl. 15:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Efstaleiti 5, Reykjavík

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Efstaleiti 5, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 20. febrúar 2026
Helga Melkorka Óttarsdóttir lögmaður.
20260224011A

Útgáfud.: 24. febrúar 2026

Innköllun þrotabús - goodTimes ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 19. febrúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
goodTimes ehf, kt. 681009-0270, Ástúni 4, 200 Kópavogur	28. nóvember 2025	föstudagur 8. maí 2026 kl. 11:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Efstaleiti 5, 103 Reykjavík

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Efstaleiti 5, Reykavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 20. febrúar 2026
Helga Melkorka Óttarsdóttir lögmaður.
20260224012A

Útgáfud.: 24. febrúar 2026

Innköllun þrotabús - MM 16 ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 19. febrúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
MM 16 ehf., kt. 681094-2379, Grundarhvarfi 6, 203 Kópavogur	28. nóvember 2025	föstudagur 8. maí 2026 kl. 13:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Efstaleiti 5, 103 Reykjavík

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Efstaleiti 5, Reykavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 20. febrúar 2026
Helga Melkorka Óttarsdóttir lögmaður.
20260224013A

Útgáfud.: 24. febrúar 2026

Innköllun þrotabús - Friðrik Friðrik Halldór ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 19. febrúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Friðrik Friðrik Halldór ehf., kt. 710513-0150, Norðurtúni 26, Garðabæ	28. nóvember 2025	föstudagur 8. maí 2026 kl. 10:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eignu í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Efstaleiti 5, 103 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Efstaleiti 5, Reykjavík., á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 20. febrúar 2026
Helga Melkorka Óttarsdóttir lögmaður
20260224014A

Útgáfud.: 24. febrúar 2026

Aðstoðaryfirlögregluþjónn - Lögreglustjórinn á Austurlandi

Við embætti Lögreglustjórans á Austurlandi er laust til umsóknar embætti aðstoðaryfirlögregluþjóns með starfsstöð á Egilsstöðum. Um tímabundna setningu er að ræða til eins árs.

Hjá embættinu starfa tæplega fjörutíu manns í víðfeðmu umdæmi sem nær frá Djúpavogi í suðri til Vopnafjarðar í norðri. Tólf þéttbýliskjarnar eru í umdæminu, gott gróskumikið mannlíf, öflug fyrirtæki og stórfengleg náttúra. Alþjóðaflugvöllur er á Egilsstöðum og vikulegar ferjusiglingar Norrænu til Seyðisfjarðar. Sjö landamærahafnir eru í umdæminu. Embætti Lögreglustjórans á Austurlandi er nútímaleg og framsækin stofnun sem er til staðar fyrir alla alltaf. Gildi embættisins eru traust, virðing og framsækni.

Helstu verkefni og ábyrgð.

Kveðið er á um verksvið og ábyrgð aðstoðaryfirlögregluþjóns í 6. gr. reglugerðar nr. 1051/2006 um starfsstig innan lögreglunnar auk þess sem starfinu fylgja fleiri verkefni samkvæmt skipulagi embættisins.

- Aðstoðaryfirlögregluþjónn er yfirlögregluþjóni til aðstoðar og er staðgengill hans.
- Dagleg yfirstjórn og ábyrgð á starfsstöð embættisins á Egilsstöðum og annarra eininga sem undir starfsstöðina falla.
- Almenn stefnumótun og umsjón með áætlanagerð, skipulagningu og markmiðasetningar almennrar deildar í samvinnu við yfirlögregluþjón.
- Umsjón og ábyrgð á almannavörnum, aðgerðastjórnun og viðbragðsáætlunum undir stjórn og í samvinnu við yfirlögregluþjón.
- Skipulagning og ábyrgð á landamæralöggæslu embættisins undir stjórn yfirlögregluþjóns.
- Ábyrgð á afgreiðslu löggæslumála og tryggir að reglum og verklagi um framkvæmd löggæslu sé fylgt.
- Ber ábyrgð á vakta- og orlofsskipulagi á sínu starfssvæði.
- Uppbygging mannauðs og liðsheildar ásamt ábyrgð á mannauðsmálum þeirra eininga sem undir starfsstöðina falla.
- Ber ábyrgð á skipulagningu stærri löggæsluáðgerða, umsjón með tækja- og tæknibúnaði löggæslusviðs og ástandi lögreglubifreiða.
- Ber ábyrgð, ásamt yfirlögregluþjóni á að fjárhagslegur rekstur almennrar deildar löggæslu sé innan fjárheimilda. Tekur þátt í gerð ársskýrslna.
- Tekur við kvörtunum frá borgurum vegna starfa lögreglunnar og kemur þeim í viðeigandi feril.
- Önnur störf eða verkefni sem honum kunna að vera falin eða leiðir af venju.

Hæfniskröfur:

Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómanámi í lögreglufræðum sem jafngildir a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnámi á vegum lögreglunnar. Stjórnunarnám frá Lögregluskóla ríkisins, endurmenntun HÍ eða sambærilegt stjórnunarnám er kostur.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um starfsstig innan lögreglunnar skal umsækjandi hafa starfað sem lögreglumaður í að minnsta kosti 5 ár frá því að hann lauk prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómanámi í lögreglufræðum.

Mikilvæg hæfni:

- Þekking og reynsla af lögreglustörfum.
- Farsæl stjórnunarreynsla innan lögreglu, þ.m.t. stjórnun lögregluáðgerða og skipulagningu löggæslu á stærri viðburðum.
- Þekking og/eða reynsla af rekstri er kostur.
- Þekking og reynsla á sviði almannavarna, áðgerðastjórnun og viðbragðsáætlunum.
- Þekking og reynsla af landamæraeftirliti.
- Þekking og reynsla á sviði þjálfunar- og búnaðarmála lögreglu.
- Þekking á nýsköpun og framþróun löggæslu.
- Góð þekking á landskerfum lögreglu sem og staðgóð almenn tölvukunnátta.
- Góð íslenskukunnátta, og færni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.
- Hæfni til að koma fram sem talsmaður embættisins.
- Önnur menntun og reynsla sem nýtist í starfi.

Mikilvægir eiginleikar:

- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Leiðtogaþærni og færni til að takast á við og leiða breytingar.
- Frumkvæði og drifkraftur.
- Lausnamiðað og jákvætt viðhorf.
- Skipulagshæfni og nákvæm vinnubrögð.

Frekari upplýsingar um starfið.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Landssamband lögreglumanna hafa gert.

Umsókn skal fylgja ferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið, auk afrita af prófskírteinum ásamt nöfnum tveggja umsagnaraðila. Umsækjendur eru beðnir um að vanda umsóknir sínar.

Til að staðreyna hvort umsækjandi uppfylli skilyrði e-liðar 2. mgr. 28. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er lögreglustjóra heimilt skv. 28. gr. a. sömu laga að afla upplýsinga um umsækjendur úr sakaskrá og málaskrá lögreglu.

Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um setningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Embættið leggur áherslu á jafnrétti og hvetur fólk af öllum kynjum til að sækja um og skal umsóknum skilað rafrænt á vef Starfatorgs.

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 20.3.2026

Nánari upplýsingar veitir Kristján Ólafur Guðnason yfirlögregluþjónn, tölvupóstur: kog01@logreglan.is, sími: 444-0600.

Eskifirði, 23. febrúar 2026
Kristmundur Stefán Einarsson.
20260224001A

Útgáfud.: 24. febrúar 2026

Stefna - til lögskilnaðar

Harpa Sjöfn Nicolaidóttir Blöndal,
kt. 130584-2769,
Gullsmára 1, Kópavogi,

gjörir kunnugt: að hún þurfi að höfða mál á hendur Daníel Sigurðssyni kt. 090672-4019, óskráð lögheimili en staðsettur í hús að Nauthólsvegi 83, Reykjavík, til lögskilnaðar.

I. Kröfugerð: Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega að stefnanda verði með dómi veittur lögskilnaður frá stefnda.

Þá er krafist málskostnaðar með álagi úr hendi stefnda að meðtöldum virðisaukaskatti.

II. Málflutningsumboð: Páll Ágúst Ólafsson lrl., Málsefni - lögmannsþjónusta, flytur mál þetta f. h. stefnanda.

III. Málsatvik: Málsaðilar gengu í hjúskap 21. júlí 2018 og eignuðust dóttur 2017. Stefnandi sótti um hjónaskilnað 24. nóvember 2023 hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og flutti út af heimili málsaðila í kjölfarið. Árangurslaust sáttavottorð var gefið út af sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu hinn 21. ágúst 2024.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. Q-7730/2023 dags 1. febrúar 2024 var bú málsaðila tekið til opinberra fjárskipta.

Stefnandi óskaði eftir lögskilnaði hjá sýslumanni sex mánuðum eftir leyfi til skilnaðar af borði og sæng dags. 18. október 2024. Málinu var vísað frá sbr. 41. gr. laga nr. 31/1993 á grundvelli 2. mgr. 36. gr. sömu laga þar sem stefndi mætti ekki til margítrekaðra viðtala hjá sýslumanni þrátt fyrir boðun í fjölda skipta. Sýslumaður getur því ekki gefið út leyfi til lögskilnaðar, sem stefnandi á ótvíræðan rétt á. Stefnandi á því ekki annan kost en að höfða mál þetta.

IV. Málsástæður og lagarök: Stefnandi gerir þá kröfu að hún fái lögskilnað frá stefnda.

Stefnandi byggir aðalkröfu sína um lögskilnað á 2. mgr. 36. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Þar sem aðilum hefur verið veittur skilnaður að borði og sæng, meira en sex mánuðir eru liðnir og raunar nú á annað ár er mál þetta er höfðað. Stefnandi telur sig eiga lögvarinn rétt á lögskilnaði frá stefnda og öllum skilyrðum sem lög kveða á um sé fullnægt svo dómkrafa hennar nái fram að ganga.

Krafan um málskostnað styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 130. gr. Krafa um virðisaukaskatt á málskostnað byggir á lögum nr. 60/1988 þar sem lögmonnum er gert að innheimta virðisaukaskatt vegna þjónustu sinnar. Krafa um álag á málskostnað er gerð sökum þess að málshöfðun þessi hefði bersýnilega verið óþörf ef stefndi hefði mætt til sýslumanns og rækt lögboðnar skyldur sínar, og byggir á 2. mgr., 131. gr. laga um einkamál. Stefnandi er með háttsemi sinni að valda stefnanda óþarfa kostnaði að ástæðulausu. Stefnandi á skýran lögvarinn rétt til framgöngu dómkröfu sinnar og ekki séð að stefndi eigi nokkrar varnir sem hönd er á festandi.

V. Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram auk stefnu þessarar m.a. leyfi til skilnaðar af borði og sæng dags. 18. október 2024 og bréf frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu dags. 1. júlí 2025 þar sem fram kemur að skilnaðarmáli aðila hafi verið vísað frá embættinu þar sem stefndi hafi ekki mætt þrátt fyrir ítrekaðar boðanir.

VI. Skýrslutökur: Stefnandi ekki þörf á að gefa skýrslu fyrir dómi enda málið þannig vaxið að efnislega er engu við gögn málsins að bæta.

VII. Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Daníel Sigurðssyni, kt. 090672-4019, með óskráð lögheimili en staðsettur í hús að Nauthólsvegi 83, Reykjavík, að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í Dómhúsinu við Lækjartorg í dómsal 102, þriðjudaginn 31. mars 2026 kl. 10.00 árdegis er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, á sókn sakar að hlýða og dóm að þola í framangreinda átt. Að öðum kosti má búast við því að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er 30 sólarhringar frá birtingu 24. febrúar 2026.

Stefnan er birt í Lögbirtingablaði þar sem stefndi er ekki með skráð lögheimili og hefur neitað móttöku stefnu þessarar.

Reykjavík, 19. febrúar 2026

f.h. stefnanda,

Páll Ágúst Ólafsson lrl.

20260224004A

Útgáfud.: 24. febrúar 2026

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Menntasjóður námsmanna, kt. 710169-0989, Borgartúni 21, Reykjavík.

Stefnda: Ingibjörg Salvör Pálsdóttir, kt. 231186-2129, með ótilgreint lögheimili.

Dómkröfur: Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 1.864.427 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 47.485 frá 2.7.2025 til 02.08.2025, en af kr. 95.394 frá þeim degi til 2.9.2025, en af kr. 140.427 frá þeim degi til 2.10.2025, en af kr. 186.510 frá þeim degi til 29.11.2025, en af kr. 1.864.427 frá þeim degi til greiðsludags. Kröfunr. 546-76703.

Að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi sem innifelur 24% vsk.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda, en fyrirvarsmáður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Rakel Elíasdóttir, kt. 060781-4519, Reynihvammi 23, Kópavogi.

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er byggð á skuldabréfi útgefnu af stefndu með rafrænum hætti upphaflega að fjárhæð kr. 2.000.000. Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins ber að endurgreiða lánið með 60 mánaðarlegum afborgunum í fyrsta skipti 2. janúar 2025.

Í vexti af höfuðstól lánsins greiðast 9,75% ársvextir, sem eru jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óvertryggðum útlánnum hjá lánastofnunum, að viðbættu 1% vaxtaálagi. Lánveitanda er heimilt að hækka eða lækka vextina á lánstímanum í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands um almenna vexti af óverðtryggðum lánnum skv. II. kafla laga nr. 38/2001, en vaxtaálag helst óbreytt. Vextir reiknast frá 25. nóvember 2024.

Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins er heimilt að fella skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar verði dráttur á greiðslu afborgana og vaxta. Vanskil urðu á endurgreiðslu samkvæmt skilmálum skuldabréfsins þann 2.7.2025 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll felld í gjalddaga þann 29.10.2025.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjalddagi

Upphæð kr.

2.7.2025	47.485
5.8.2025	47.909
2.9.2025	45.033
2.10.2025	46.083
Gjaldfelldar eftirstöðvar 29.10.2025	1.677.917

Eða alls kr. 1.864.427 sem er stefnufjárhæð þessa máls.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefnanda er með skráð ótilgreint heimili hjá þjóðskrá Íslands og á stefnandi því enga aðra úrkosti en að birta stefnuna í Lögbirtingablaðinu.

Stefnandi byggir á því að stefnanda hafi með rafrænni undirritun sinni á skuldabréfið skuldbundið sig til að endurgreiða skuldina í samræmi við skilmála skuldabréfsins.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísan er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við l.nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirlit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 28. apríl 2026 kl 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 21. febrúar 2026
Sigurbjörn Þorbergsson hrl.
20260224005A

Útgáfud.: 24. febrúar 2026

Stefna

Aðilar máls:

Stefnandi: Menntasjóður námsmanna, kt. 7101690989, Borgartúni 21, Reykjavík.

Stefnda: Hrafnhildur Arnardóttir, kt. 0212695229, með óþekkt heimili í Bandaríkjunum.

Dómkröfur: Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 5.012.917 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 614.070 frá 01.09.2023 til 01.03.2024, en af kr. 793.623 frá þeim degi til 25.07.2024, en af kr. 5.012.917 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádrögnum innborgunum sem hér segir: kr. 79.799 þann 09.11.2023, kr. 163.000 þann 12.12.2023, kr. 110.000 þann 27.03.2024, kr. 100.000 þann 19.07.2024 og kr. 215.000 þann 15.10.2024. Kröfunr. 546-71594.

Að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi sem innifelur 24% vsk.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda, en fyrirvarsmáður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Páll Egill Winkel, kt. 100773-6199, Tjarnarbrekku 6, Garðabæ.

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefndu sem hún tók hjá stefnanda. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfs nr. R-010515 þann 11.08.1994 upphaflega að fjárhæð kr. 3.370.751. Lán stefnanda eru verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Grunnvísitala skuldabréfsins er 176,9 stig. Lánið ber breytilega vexti sem aldrei verða hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar, nú 1% sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 478/2011. Vextir reiknast frá námslokum, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992.

Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992 skilgreinir stjórn stefnanda hvað telja beri námslok samkvæmt lögunum og úrskurðar um vafatilfelli. Námslok eru skráð hjá stefndu þann 27.06.1996, en samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda eru námslok þegar námsmaður hættir að þiggja lán og er miðað við lok síðasta aðstoðartímabils. Við námslok var fjárhæð námslána stefnda færð á skuldabréf nr. R-010515, sbr. skilmálar í skuldabréfinu sjálfu. Skuldabréfið hefur verið í vanskilum síðan 01.09.2023 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll samkvæmt skuldabréfi nr. R-010515 felld í gjalddaga þann 25.06.2024.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjalddagi	Upphæð
01.09.2023	614.070,00
01.03.2024	179.553,00
Gjaldfelldar eftirstöðvar 25.06.2024	4.219.294,00

Eða alls kr. 5.012.917 sem er stefnu fjárhæð þessa máls.

Greitt var inn á skuldina kr. 79.799 þann 09.11.2023, kr. 163.000 þann 12.12.2023, kr. 110.000 þann 27.03.2024, kr. 100.000 þann 19.07.2024 og kr. 215.000 þann 15.10.2024. Dragast innborganirnar frá kröfunni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi og verður tekið tillit við uppgjör kröfunnar þannig að innborguninni er fyrst ráðstafað til greiðslu áfallins kostnaðar og vaxta, en að þeim liðum frágengnum til lækkunar á höfuðstól.

Stefna á hendur stefndu er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar, sbr. b-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefnda er með skráð lögheimili í Bandaríkjunum skv. þjóðskrá Íslands. Leitað var að heimili stefndu í Bandaríkjunum, stefna þýdd lög. þýðingu og leitast eftir birtingu stefnunnar eftir Haag-samningi. Birting tókst ekki þar sem í ljós kom að stefnda býr ekki á uppgefnu heimilisfangi. Ekki hefur tekist að finna annað heimilisfang hjá stefndu í Bandaríkjunum. Haag-samningur um birtingar á réttarskjölum ofl. frá 15. nóvember 1965 gildir ekki þegar heimilisfang er óþekkt. Þegar ekki er hægt að birta stefnu eftir þjóðréttarsamningi, sbr. 90. gr. laga nr. 91/1991 hefur stefnandi leitað eftir milligöngu Utanríkisráðuneytisins um birtingu stefnu eftir lögum viðkomandi ríkis.

Stefnandi hefur áður leitað eftir milligöngu Utanríkisráðuneytisins um birtingu stefnu eftir reglum í Bandaríkjunum um birtingu stefnu fyrir aðila með óþekkt heimili. Í embættisbréfi frá Sendiráði Íslands í Washington kemur fram að sendiráðið hafi átt fund með fulltrúum bandaríska dómsmálaráðuneytisins, sem hafi upplýst að löggjöf Bandaríkjanna geri ekki ráð fyrir birtingu sé heimilisfang óþekkt. Engin miðlæg skrá sé til í Bandaríkjunum yfir heimilisföng og bandaríska dómsmálaráðuneytið aðstoði ekki við að finna heimilisföng. Jafnframt hafi verið upplýst að ekkert alríkislögbirtingablað sé til í Bandaríkjunum. Samkvæmt þessu hefur stefnanda enga aðra úrkosti en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Stefnandi byggir á því að stefnda hafi með undirritun sinni á skuldabréf vegna námsláns nr. R-010515, skuldbundið sig til að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 21/1992 og í samræmi við skilmála skuldabréfsins.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni Lánasjóðs íslenskra námsmanna breytt í Menntasjóð námsmanna.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísað er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, reglugerðar nr. 478/2011, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr 42. gr. laga nr 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við l.nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðsluyfirlit og innheimtubríf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 28. apríl 2026 kl 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 21. febrúar 2026
f.h. stefnanda
Sigurbjörn Þorbergsson hrl.
20260224006A

Lögbirtingablað,

31. tölublað 2026.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi

Kristín Þórðardóttir

Afritun eða dreifing þessa efnis er óheimil. Efnið kann að innihalda persónuupplýsingar sem njóta verndar samkvæmt lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679 (GDPR). Óheimil meðferð getur varðað við lög.